

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig voru höfð til hliðsjónar ákvæði sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði, grein 9 (1) (b) í tilskipun 73/437/EBE um sykur og sykurvörur, grein 3 (1) (6) í tilskipun 79/112/EBE um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla, grein 10 (4) (d) í tilskipun 93/77/EBE um ávaxtasafa og sambærilegar vörur, grein 1 (3) (2) í tilskipun 94/35/EB um sætuefni, tilskipun 94/54/EB um umbúðamerkingar, tilskipun 95/42/EB um breytingu á tilskipun 93/102/EB um umbúðamerkingar, tilskipun 96/21/EB um breytingu á tilskipun 94/54/EB og tilskipun 97/4/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Breytingu á umbúðamerkingum vegna ákvæða þessarar reglugerðar um merkingu sætuefna skal lokið fyrir 31. desember 1998.
2. Breytingu á umbúðamerkingum vegna ákvæða 2. og 9.-10. gr. skal lokið fyrir 14. febrúar 2000.
3. Þrátt fyrir framangreindar dagsetningar er heimilt að selja birgðir af vöru sem framleidd hefur verið og merkt fyrir þann tíma samkvæmt áður gildandi reglum.

Umhverfissráðuneytinu, 16. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1998.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1998 vera kr. 6 682. Gjald dagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfiss-hafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 16. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.